



## Úthlutunarreglur menningarmálaverkefnasjóðs Dalabyggðar

### 1. gr. Hlutverk sjóðsins

Reglur þessar eru settar um starfsemi og úthlutanir menningarmálaverkefnasjóðs Dalabyggðar. Hlutverk sjóðsins er að styðja við menningarmál í Dalabyggð og er það gert með því að veita styrki eftir því sem menningarmálanefnd Dalabyggðar telur þjóna markmiðum sjóðsins.

### 2. gr. Úthlutanir styrkja

Úthlutanir styrkja úr sjóðnum fara fram einu sinni á ári. Úthlutunin skal fara fram fyrir þann 1. febrúar ár hvert.

### 3. gr. Val á styrkþegum

Menningarmálanefnd Dalabyggðar tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli fyrirliggjandi umsókna og samkvæmt markmiðum sjóðsins. Áskilinn er réttur til að samþykkja eða hafna hvaða umsókn sem er. Ákvörðun nefndarinnar þarf staðfestingu frá sveitarstjórn Dalabyggðar áður en endanlegt samþykki liggur fyrir og styrkur er greiddur út.

### 4. gr. Umsækjendur

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Dalabyggð. Á umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um umsækjanda og hvort sótt hafi verið um aðra styrki.

### 5. gr. Skil umsókna

Umsóknum skal skilað rafrænt eða á skrifstofu Dalabyggðar á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má þar og á vefsíðu sveitarfélagsins. Sundurliðuð kostnaðaráætlun skal fylgja hverri umsókn. Með umsókn skal jafnframt fylgja verkáætlun þar sem fram kemur umfang og tími verkefnis. Farið verður með allar umsóknir og fylgigögn þeirra sem trúnaðarmál.

### 6. gr. Útborgun styrkja

Styrkir eru greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn um leið og skýrslu um nýtingu styrkja hefur verið skilað í samræmi við 8. gr.

### 7. gr. Kynning á verkefnum

Eftir hverja úthlutun skal yfirlit yfir þau verkefni sem hafa fengið úthlutað úr sjóðnum, kynnt fyrir sveitarstjórn og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

### 8. gr. Skýrslur um nýtingu styrkja

Allir styrkþegar skulu að skila inn skýrslu um framgang og lok verkefnis fyrir lok þess árs sem styrkveiting á sér stað. Skýrsluskil eru skilyrði fyrir styrkveitingu til nýrra verkefna.

### 9. gr. Endurgreiðsla styrks

Hafi styrkur verið greiddur til verkefnis en af framkvæmd þess hafi síðan ekki orðið samkvæmt þeim upplýsingum sem menningarmálanefnd aflar, ber styrkþega að endurgreiða hann.

*Samþykkt á fundi menningarmálanefndar þann 15.09.2022*